

## **Aðalfundur Snarfara 20. febrúar 2025.**

Fundur settur kl. 20:00 - upb. 60 félagsmenn mættir.

Hafþór formaður býður félaga velkomna og leggur til fundarstjóra Finn Torfa og fundarstjóra Pétur Valmundarson.

Fundarstjóri tekur til máls.

Fyrst spyr fundarstjóri hvort séu athugasemdir varðandi boðun aðalfundar. Þær eru engar svo fundur er löglegur.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Formaður tekur þá til máls, byrjar á því að flytja minningarorð um Símon Kjærnested sem féll frá fyrr á árinu og biður um mínútu þögn til að minnast hans og annarra félagsmanna sem fallið hafa frá á síðastliðnu ári.

Formaður flytur svo skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í viðhengi prentuð út aftast í þessari fundargerð.

### **2. Opinn spurningatími**

Fundarstjóri kynnir til sögunnar opinn spurningatíma og safnar saman spurningum.

Spurning úr sal: Spurt er út í aðstöðuna í Viðey og hvort megi nota hana og einnig tryggingar á Loadal

Svar formanns: Hugmyndin er að húseignir í eyjunni verði með sama lykilaðgengi svo félagar hafi aðgengi að. Allt í vagninum er tryggt svo framarlega að tjónið sé ekki af gáleysi.

Spurt út í fjármál en því svarað strax með að ársreikningur verði kynntur síðar á aðalfundinum.

Spurt út í félagsheimil hvort leigja salinn til einkanota.

Svar formanns: Aldrei hefur heimilið verið til útleigu en hafa félagsmenn fengið heimilið lánað. Ekki hefur verið ákveðið með neina breytingu á því.

Spurt um réttindi á Loadal hvort félag hafi áhuga á því að greiða fyrir námskeið á loadalinn.

Svar formanns: Alveg kemur til greina að Snarfari sendi menn á námskeið á kostnað félagsins séu þeir til í að hjálpa til að aka vinnuvélinni.

Athugasemd úr sal að akstur á lyftaranum sé meira en bara aftur á bak og áfram. Henni svarað af formanni.

Spurt út í verkstæðið hvort muni kosta. Svar formanns er að það verði leigt til félagsmanna gegn vægu gjaldi. Imprað á því að þetta er skammtímaverkstæði og ekki sé ætlast til að bátar séu lengur inni en um vikutíma.

Spurt hvort sé sniðugt að hafa lítinn rafmagnslyftara með kúlutengi til að færa báta inn og út af verkstæðinu en spyrjandi staðhæfir að ekki þurfi réttindi á. Því svarað að ekki myndi rafmagnslyftari geta ýtt neinu.

Spurt hvort stjórnin hafi pælt í að kaupa skúringaróbot. Svar um að frekar standi til að kaupa betri skúringagræjur. Athugasemd frá sérfræðingi að þetta sé ekki góður búnaður almennt en sá sem kom með athugasemdina getur skaffað nýjan skúringabúnað á góðum tilboðum fyrir félagið.

Spurt út í öryggismyndavélar: Svar að þeim hafi verið fjölgað en eigi eftir að setja nýjan skjá í félagsheimilið.

Spurt út í gardínur og svar um að filma eigi glugga á suðurhlið.

Spurt út í nýtingu á gullvagni og hvort það séu bara skútukallar. Formaður svarar að bæði mótorbáta- og skútumenn sem nota gullvagninn. Notkunin var merkilega góð á síðasta ári að mati formanns.

Fundarstjóri lýkur þessum dagskrárliði og biður fundarmenn að gefa merki um að samþykkja skýrslu. Skýrslan samþykkt með meginþorra atkvæða. Enginn kaus gegn skýrslu.

### **3. Reikningar félagsins**

Fundarstjóri biður fjármálastjóra að taka til mála og kynna ársreikning og fjármál félagsins.

Spurt út í bátagjöld og einnig hita og það muni milli ára: Svar að bátagjöld séu rétt nema tölurnar sem er ár frá því í fyrra. Fjármálastjóri beðinn um réttar tölur og svaraði hann með þeim. Varðandi hita þá eru þetta bókhaldsmistök þar sem í rauninni stór hluti á upphæð 2023 er flutningur á rafmagni en ekki bara hiti.

Ekki er kostnaður við framkvæmdir á félagsheimili inni í ársreikningi en verður tekið til á næsta ársreikningi.

Spurt út í inntökugjald og fjölda félaga. Hver er hugmyndin með inntökugjaldi. Svar er að þá séu menn að "kaupa sig inn í félagið". Uppb 380 félagar.

Formaður fer í pontu og ræðir um annan rekstrarkostnað og bendir á að nánast allir liðir séu lægri en í fyrra. Ekki er bara búið að gera helling heldur er líka búið að spara. Formaður bendir á að félagið eigi eignir, lausafé og skulda engum neitt. Lófatak.

Spurt er út í meðeigendur og ungliða og heiðursfélaga.

Svar um að ekki séu margir heiðursfélaga. Engin breyting er hugsuð á gjaldskrá meðeigenda, maka og ungliða (undir 40 ára).

Fundarstjóri tekur til máls og óskar eftir samþykki ársreikninga. Allir fundargestir samþykkja. Enginn á móti.

#### **4. Tillaga stjórnar um gjaldskrárbreytingar**

Fundarstjóri býður formanni að taka til máls. Formaður kynnir breytingarnar.

- Félagsgjöld hækki úr 12.000 í 15.000 kr.
- Aðstöðugjald að 12m hækki úr 37.000 í 40.000
- Aðstöðugjald stærri en 12m hækki úr 47.000 í 50.000 kr.
- Rafmagn hækkar úr 20 kwh í 25 kr. Kwh.

Fundarstjóri tekur við og endurtekur breytingarnar.

Spurt úr sal; hvers vegna þarf að hækka gjöld ef gengur svona vel?

Svar formanns: Meiri sjálfböðavinna, meiri hagræðing o.s.frv. Er ástæða góðu gengi. Félagið þurfi að fylgja vísitölu og slíku. Smáar hækkarnir oft í stað meiri hækkana sjaldan.

Spurt hvort eigi jafnt við báta sem “fara aldrei niður” við aðra báta sem fara reglulega niður. Einfalt svar formanns ekki gerður greinarmunur þar á.

Hjálmar Kristinn kemur í pontu og fær að ræða málin.

Hann stýrir tveimur bílklúbbum. Félagsgjaldið hefur ekki hækkað í 3 ár.

Boðskapur hans orða var að ræða um tilgangslausa hækka félagsgjöldin nóg sé til hver er ástæðan. Svar: Enn á eftir að framkvæma mikið - ekki standi til að taka lán - nú þarf að hækka til að klára framkvæmdir. Hvergi eru bátaklúbbagjöld í heiminum eins lág og í Snarfara.

Spurt um hækkun á rafmagni hún sé mikil. Svar að rafmagn megi ekki vera greitt af Snarfara svo félagið borgi með.

Spurt hvort stjórn hafi íhugað að kaupa rafmagnið af öðrum aðila. Stutta svarið er já búið að leita tilboða.

Fundarstjóri leggur orð í belg varðandi grundvallaratriði í rekstri bátaklúbbs og segir stutta sögu af vini sínum á spáni.

Boðskapur hans orða er að Snarfari er afar ódýr kostur ekki bara á landsvísu heldur heimsvísu. Þakklæti er eitthvað sem eigi að vera framarlega okkur í huga.

Spurning úr sal hvort standi til að hækka aðra liði. Því svarað neitandi.

Gerð er atkvæðagreiðsla um að samþykkja tillögur um hækkun.

Tillögur samþykktar með þorra greiddra atkvæða gegn tveimur.

## **5. Kosning til stjórnar**

Formaður: Hafþór Lyngberg Sigurðsson.

Ekki bárust aðrar tillögur um formann.

Tveir meðstjórnendur til tveggja ára: Valgeir Berg Steindórsson og Ólafur Viggósson

Ekki bárust aðrar tillögur um meðstjórnendur.

Þrír varastjórnendur: Jón Rósmann Mýrdal, Jónas Hermannsson, Pétur Örn Valmundarson

Ekki bárust aðrar tillögur um varamenn.

Tveir félagskjörnir endurskoðendur: Finnur Sveinbjörnsson og Ottó

Ekki bárust aðrar tillögur.

Allir voru því sjálfkjörnir og þeim fagnað með lófataki.

## **6. Önnur mál**

Fundarstjór býður orðið laust.

Spurning úr sal: Myndavélakerfi og hvort megi “drulla” þessu á netið.

Svar: Bæði komnar myndavélar og ljósleiðari. Stjórn kannar þetta og kynnir fyrir félagsmönnum.

Formaður ræðir um afmælið og biður áhugasama sem vilja taka þátt í skipulagningu afmælis að setja sig í samband við Ásgrím Guðmunds.

Athugasemd varðandi 8. Gr. laga félagsins að hún sé ekki nógu skýr. Þegar bera eigi upp mál sem kjósa á um þurfi að vera fyrirvari á svo félagsmenn fái tíma til að kynna sér málin.

Fundarstjóri tekur til máls og útskýrir sína túlkun á lögnum. Máli vísað til stjórnar. Fundur sammála því með atkvæðagreiðslu.

Spurning úr sal: Opnun á höfninni. Hvenær má fara að hugsa um að setja niður.

Formaður svarar: Höfnin er opin og vetrargjald gildir frá 15. okt til 1. apríl. Ef menn vilja setja niður eitthvað fyrr þá mun stjórn ekki gera mikið mál úr því meðan það skiptir ekki vikum eða mánuðum.

Ávítur á fundarstjóra: Of mikið talað um “stráka” og “menn” þó á fundinum séu tvær konur.

Áskorun til stjórnar að koma út félagatali. Formaður segir það er að detta í prentun.

Spurning: Hvað hafa komið margir nýir félagsmenn og er verið að auglýsa félagið til að koma inn nýjum félagsmönnum. Formaður bendir á afslátt af gjöldum oph. og fer fljótlega umræða formanns yfir í mótorbáta / seglskútuumræðuna á netinu.

Hjálmar Kristinn aftur í pontu: Ábending um að vera ekki að keyra upp mótora á nóttunni þar sem nýr veruleiki er sá að heilmikil íbúðabyggð er risin umhverfis svæði Snarfara.

Fundarstjóri lýsir dagskrá lokið.

Formaður slítur fundi 21:45 og býður félagsmönnum upp á kaffiveitingar, að venju.